



## STADHÆTTIR OG AÐSTÆÐUR Á SKIPULAGSSVÆÐINU

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur í samráði við Vegagerðina unnið deiliskipulag sem tekur til efnistökusvæðis vegna fyrirhugaðrar vegaframkvæmda við Hringveg (1) um Hornafjörð. Deiliskipulagið tekur til efnistökusvæðis sem skilgreint er í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 (E34, Náma 5).

Náman er í farvegi Hornafjarðarfjóta fyrir neðan núverandi brú á Hringvegi. Fljótið breiðir úr sér á Skógeyjar og Mýra. Varnargarðar ganga niður frá Hringveginum og verja Skógey og Mýra fyrir ágangi fljótsins. Í farveginum er mikil magn framburðar og varnargarðarnir voru að hluta byggðir úr framburðinum. Það má því telja svæðið meðfram góðunum sem eldri efnistökustað en engin ummerki eru sjáanleg um þessa efnistöku. Væntanlegur efnistökustaður er undir vatni stóran hluta ársins.

Gerð deiliskipulagsins er þáttur í því að hrinda í framkvæmd vegabótum á Hringvegi um Hornafjörð. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi, tryggja greiðari samgöngur milli Suður- og Austurlands og jafnframt að stuðla að betri samgöngum innan sveitarfélagsins. Ný veglina Hringvegar um Hornafjörð er á samþykktu aðalskipulagi.

### Stefna

Deiliskipulagið er unnið á grundvelli gildandi Aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030. Tillagan byggir á mati á umhverfisáhrifum Hringvegar um Hornafjörð (Hringvegur um Hornafjörð – Matsskýrsla, 2009).

Fyrirhugað efnistökusvæði er á aðalskipulagi sveitarfélagsins. EKKI er í gildi deiliskipulag á svæðunum eða í næsta nágrenni þeirra sem deiliskipulagið gæti haft áhrif á. Landnotkun umhverfis efnistökusvæði er merkt sem opíð svæði og skógræktar og landgræðslusvæði á aðalskipulagi.

### Náttúru- og forminjar

EKKI er um sérstæðar jarðmyndanir að ræða né gróðurfar og telst svæðið hafa mjög lágt verndargildi.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru engar landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlagar nr. 60/2013.

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga ásamt Byggðasafni Árnesinga. Gerð var heimilda- og vettvangsskráning á þeimjörðum sem mögulegar veglinur liggja um ásamt tengileiðum og efnistökustöðum. Skráning á vettvangi fór fram dagana 6. – 8. júní 2006 (Hringvegur um Hornafjörð – Matsskýrsla, 2009). Engar fornminjar fundust nálægt efnistökusvæðinu en ef áður óþekktar fornminjar finnast við efnistöku verður það tilkynnt til Minjastofnum sbr. 24 gr. laga um menningaminjar 80/2012.

## TÍMABUNDIN SKIPULAGSÁKVÆÐI

### Efnistaka

Náma 5 Hornafjarðarfjót er um 6.800.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli og áætluð efnistaka um 450.000 m<sup>3</sup> á framkvæmdatíma. Náman verður opin meðan á framkvæmdum stendur. Ráðgert er að nýta efni úr fljótonum í kjarna fyllingar í nýjan Hringveg, í kjarna leiðigarða og vinnuplana og í varnargarða.

### Umhverfisáhrif

Gert er ráð fyrir að efni verði tekið á litlu dýpi miðað við landhæð þar sem sjávarfalla gætir í farveginum. Líklegt er að lægðir myndist tímabundið í farvegi þar sem mest verður tekið af efni. EKKI er gert ráð fyrir varanlegum umhverfisáhrifum af efnistökunni þar árlegur framburður er mikill og ummerki efnistöku fjót að hverfa (Hringvegur um Hornafjörð – Matsskýrsla, 2009). Fiskistofa veitir heimild fyrir efnistöku í Hornafjarðarfjóti með þeim fyrirvara að lagaskilyrðum gagnvart landeigendum verði uppfyllt.

### Frágangur og mótvægisáðgerðir

Frágangur námnar fæst í því að allir haugar sem kunna að myndast við efnistökuna verði jafnaðir. Mun sá frágangur eiga sér stað samhlíða framkvæmdum og eigi síðar en við verklok. Frágangur verður hluti af útboði verksins. Fljótin munu sjá um lokafrágang þar sem þau flytja mikil magn sets árlega auk þess sem sandurinn er mjög gjúpur og mun fljótt renna til á lægri svæði.

### Umsagnaraðilar

Lögbundnir umsagnaraðilar vegna efnistöku í Hornafjarðarfjóti eru m.a. Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Orkustofnun.

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar þann \_\_\_\_\_

f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Deiliskipulag þetta var samþykkt í skipulagsnefnd og í bæjarstjórn \_\_\_\_\_

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

Dags Breyting

## SKÝRINGAR



Náma jarðamörk afmörkun skipulagssvæðis



Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27, 780 Höfn  
Síml: 470 8000  
afgreidsla@hornafjordur.is

Vegagerðin	Hringvegur um Hornafjörð
Náma 5 - Hornafjarðarfjót	Dags: 14.03.2017
SOS	Útboðsnr. -
MO	Vegnr. 1v6-V7
Yffaför	Hönnunarstjóri
A3	Deiliskipulag
Samþykkt	Efnistökusvæði
-	Teikn. nr. X-03
-	Útg. A